

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

328. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins að Gylfaflöt 5, mánudaginn 25.11.2013, kl. 07:30.

### Mættir eru:

Bjarni Torfi Álfþórsson varaformaður stjórnar og stjórnar hann fundi, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Ómar Stefánsson, Karl Sigurðsson, Páll Hilmarsson og Hafsteinn Pálsson. Yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður Björg Einarsdóttir skrifstofustjóri. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson er fjarverandi. Gestur fundarins undir lið 2. er Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

### Tekið fyrir:

- 1. Samanburður rekstrar og áætlunar fyrstu 9 mánuði ársins.**  
Lag fram og kynnt árshlutauppgjör SORPU bs. fyrir janúar – september 2013 auk samanburðar rekstrar og áætlunar fyrir fyrstu 9 mánuði ársins.
- 2. Undirbúningur gas- og jarðgerðarstöðvar.**  
Rædd viðskiptaáætlun SORPU bs. við gerð Gas- og jarðgerðarstöðvar. Viðskiptaáætlunin er unnin af Capacent. Stjórn samþykkir fjármögnunina sem gert er ráð fyrir í viðskiptaáætluninni með þeim fyrirvara að inn í hana vantar kostnað og fjármögnun á nýjum urðunarstað sem gert er ráð fyrir í eigendasamkomulagi aðildarsveitarfélaganna frá 25. október 2013, auk krafna í samræmi við landsáætlun. Ómar Stefánsson samþykkir fjármögnunina með fyrirvara. Kynnt drög að „Tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmda. við Gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi“.

Næsti fundur stjórnar verður ákveðin síðar og mun framkvæmdastjóri boða til hans..

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 9.15.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Bjarni Torfi

Ómar Stefánsson

Karl Sigurðsson

Guðrún Ágústa Guðmundsd.

Sveinur

Hafsteinn Pálsson

Karl Sey

Bjarni Hjarðar